

**142. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fjarfundi,
2. október 2020 og hófst hann kl. 11:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1911054 - Leikskóli Skógarhverfi - hönnun

Sameiginlegur fundur skipulags- og umhverfisráðs og skóla- og frístundaráðs um hönnun leikskóla í Skógahverfi.

Fyrir liggur hugmynd um að leikskólabyggingin fái Svansvottun. Hönnuðir hússins hafa í þeim tilgangi unnið gróft kostnaðarmat, sem sýnir að framkvæmdakostnaður verður um 5% hærri ef þessi leið verður valin, sem einkum skýrist af því að enn sem komið er felst talsverður kostnaður í lærdómsferlinu við að tileinka sér aðferðafræðina bæði í hönnun og framkvæmdum.

Skipulags-og umhverfisráð og skóla- og frístundaráð leggja áherslu á að horft sé til umhverfislegra áhrifa við hönnun leikskólans s.s. efnisnotkunar, innivist, flokkun úrgangs o.fl.

Hinsvegar verði ekki farin sú leið að Svansvotta leikskólann meðal annars m.t.t. kostnaðarauka og þess að ákveðið lærdómsferli er í gangi varðandi þá vottun hér á landi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:00.